

## GLG-2017-04 Vefsíða fyrir Gistiheimilið Bása

Umsækjandi er Gistiheimilið Básar í Grímsey. Verkefnið snýst um að fá fagaðila til að útbúa vefsíðu og veita faglega ráðgjöf um notkun á öðrum samfélagsmiðlum hvað varðar markaðssetningu. Fenginn verður fagaðili sem mun hanna og útbúa vefsíðu fyrir Gistiheimilið Bása og í framhaldi af því sýna og kenna eigendum og verkefnisstjóra hvernig best sé að nýta sér samfélagsmiðlana við markaðssetningu.

Þetta verkefni sýnir trú íbúa á Grímsey og býður upp á tækifæri í fjölgun ferðamanna. Einnig fellur það vel að markmiði 3.2. um að sérstaða Grímseyjar verði notuð til markaðssetningar og markmiði 3.6. um að ferðaþjónusta í Grímsey verði eflid.

Verkefninu var úthlutað 700.000 kr.- árið 2017.